

Jörfalind 6


Umsókn um fjölgun bílastæða

One:2305488

Dags. 15.06.2023

Umsögn

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 6 við Jörfalind. Breytingin felur í sér að taka niður kantstein á bæjarlandi og þar með breikka innkeyrslu til að fjölga bílastæðum á lóð. Samkvæmt mæliblaði dags dags 27. júlí 1995 er gert ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóðinni. Erindi ásamt skýringarmyndum dags 8. maí 2023. Samþykki aðliggjandi lóðarhafa liggur fyrir, barst 15.06.23.




Skipulagsleg staða

Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040 staðfest 28. desember 2021

Gildandi deiliskipulag: "Lindahverfi, norðan Fífuhvamsvegur" samþykkt 15.08.1995. Reitur 8 a, b.

Lóðarblað samþykkt 28.07.1995 sýnir 2 bílastæði við Jörfalind 6.



Rýni út frá markmiðum í Aðalskipulagi og rammahluta

7.6.1 Markmið fyrir Fífuhvamm

- Vistvænn og lýðheilsuvænn Fífuhvammur



Í Fífuhvammi skal draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur.

7.1 Meginmarkmið rammahluta aðalskipulags:

Í hverfunum skal stuðla að því að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og stuðla að aukinni sjálfbærni með vistvænum áherslum. Leggja skal áherslu á að styrkja vistvæna samgöngumáta, hjóla- og gönguleiðir og almenningssamgöngur. Stefnt er að greiðum og öruggum samgönguleiðum milli heimila, skóla, verslana, leikskóla, og biðstöðva almenningssamgangna.

Rýni út frá verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi

Er breytingin á lóðarmörkum? Ef verið er að gera breytingu við lóðarmörk skal afla samþykkis aðliggjandi lóðarhafa.

Gróður og gegndræpi - Leitast ætti við að hámarka gegndræpt yfirborð lóðar til að styðja við blágrænar ofanvatnslausnir. Gera skal ráð fyrir gróðri eða öðru uppbroti á lóðarmörkum við götu til að viðhalda grænu yfirbragði í götumyndinni.

Bílastæði á lóð - Forðast ætti að fjölga bílastæðum á eldri lóðum til að takmarka áhrif þeirra á götumynd og ásýnd frá götu.

Forðast ætti að taka hluta framgarðs undir bílastæði. Innkeyrsla á lóðarmörkum ætti að vera í takt við aðliggjandi lóðir. Ekki ber að fækka bílastæðum í götunni þegar útbúin eru bílastæði á lóð.

Fordæmi

Á fundi skipulagsráðs 15. júní 2020 var samþykkt erindi lóðarhafa Jörfalindar 25 þar sem óskað var eftir að breikka innkeyrslu um 3,3 m til suðurs og fjölga bílastæðum á lóðinni úr tveimur í þrjú.

Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040 staðfest 28. desember 2021.



Einungis er lækkaður kantsteinn/breiðari innkeyrsla við nr. 25 við Jörfalind sem var samþykkt fyrir þremur árum.


Bent er á að ekki er samþykkt fyrir því að kantsteinn hefur verið lækkaður á u.þ.b eins metra kafla fyrir framan gangstétt og inngang húss við Jörfalind 20.

Við öll önnur hús við Jörfalind er lengd innkeyrslu (lækkaðs kantsteins) u.þ.b 6 metrar eins og gert er ráð fyrir í samþykktu deiliskipulagi.



Umsögn

Umferðaröryggi gangandi vegfarenda (þ.m.t grunnskólabarna á leið í skólann) mun minnka ef bílastæðum fjölga þar sem keyrt er yfir gangstétt. Einnig myndi sameiginlegum bílastæðum í götunni fækka ef innkeyrslan er breikkuð.



Á þessari loftmynd sést að u.þ.b 6 metrar af lágum kantstein eru fyrir framan Jörfalind 2, 4, 6 og 8 til að koma fyrir 2 bílum.

Niðurlag

Markmið Aðalskipulags fyrir Fífuhvamm eru að draga úr neikvæðum áhrifum umferðar og auka sjálfbærni með vistvænum áherslum. Gera skal ráð fyrir gróðri eða öðru uppbroti á lóðarmörkum við götu til að viðhalda grænu yfirbragði í götumyndinni samkvæmt verkfærakistu fyrir þróun byggðar í Kópavogi. Umferðaröryggi gangandi vegfarenda (þ.m.t grunnskólabarna á leið í skólann) mun minnka ef innkeyrsla er breikkuð þar sem keyrt er yfir gangstétt ásamt því að sameiginlegum bílastæðum í götunni myndi fækka ef innkeyrslan er breikkuð. Æskilegt er að lengd innkeyrslu sé í takt við aðliggjandi lóðir ásamt því að kvöð er um tvö bílastæði á lóð á lóðarblaði og þ.a.l í samþykktu deiliskipulagi.

Lítur því skipulagsdeild neikvætt á erindið.